

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 30.10.2020

Fundur 8-2020

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar föstudaginn 30. október 2020 kl. 10:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Bjarney R. Jónsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.
Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1.Fjárhagsáætlun 2021
- 2.Framkvæmdir
- 3.Önnur mál

Afgreiðsla:

- 1.Fjárhagsáætlun 2021

Í bréfi dags. 15. október 2020, frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu er kynnt að hægt er að sækja um frest á framlagningu fjárhagsáætlunar. Þar segir m.a. að ljóst sé að þær efnahagslegar aðstæður sem hafi skapast vegna Covid-19 faraldursins feli í sér miklar áskoranir við undirbúning og framsetningu fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Ýmsar forsendur sem liggja að baki fjárhagsáætlana sveitarfélaga koma fram seinna en áður, svo sem þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Það eru veigamikil rök fyrir því að veita frest til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlana 2021, á grundvelli 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011.

Vegna áðurnefndra forsenda er eftirfarandi bókað: *Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkti samhljóða að sækja um frest til 1. desember 2020, til leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn samhljóða að sækja um frest til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2021 til 31. desember 2020.*

Oddvita falið að sækja um áðurnefnda fresti.

2.Framkvæmdir

Á fundinn mætir undir þessum lið Baldvin Sveinsson. Hann hefur m.a. verið í samskiptum við landeigendur Kálfshamars vegna vatnstöku þar fyrir salernisaðstöðu í Kálfshamarsvík.

Lögð eru fram drög að samningi við eigendur Kálfshamars er snýr að nýtingu og aðgengi að vatnsbóli, vatnslögn að salernishúsi og að sumarhúsi. Jafnhliða verður rafstrengur lagður að sumarhúsinu. Sveitarfélagið kaupir fiskverkunarhús sem stendur í landi Kálfshamarsness.

Drög verða lögð fyrir eigendur Kálfshamars og oddvita falið að ganga frá samningi til undirritunar.

Baldvini Sveinssyni er veitt umboð sveitarstjórnar til að ganga frá samningnum við eigendur Kálfshamars og undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins. Þá er Baldvini jafnframt veitt umboð til að vera í samskiptum við RARIK vegna vinnu við rafstreng.

Ákveðið er að semja við Vinnuvélar Símonar um lagningu rafstrengs í samvinnu við RARIK og vinnu við vatnsból og vatnslagnir tengdar

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 30.10.2020

Fundur 8-2020

Kálfshamarsvík. Baldvin verður jafnframt fulltrúi sveitarfélagsins þegar framkvæmdir fara fram.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun á vatnslagnaefni og Magnúsi Björnssyni falið að ganga frá kaupum á efni og umsýslu vegna þess.

Áætlað er að setja salernishúsið sem nú stendur í Kálfshamarsvík við Kjarlarlandsrétt. Koma þarf vatni að réttinni og ákveðið er að semja við Vinnuvélar Símonar um að plægjunu á vatnslögninni. Þröstur Líndal eigandi Kjarlarlands hefur veitt leyfi til að tengjast vatnlögninni hjá sér.

Ákveðið að leita til Sigurbjörn Björgvinsson varðandi flutninga á húsunum og koma húsi við Kjarlarlandsrétt fyrir í samráði við Magnús Guðmannsson. Trésmiðja Helga Gunnarssonar sér um að losa núverandi hús úti í Kálfshamarsvík og undirbúa það fyrir flutning. Vélaverkstæði Skagastrandar sjái um tengingar á lögnum í húsinu.

3.Önnur mál

-Rætt um fyrirhugaða brú yfir Fossá. Möguleikar á brú eru færanlegur vagn, trébrú úr rafmagnsstaurum eða brú úr stálbitum. Gróf kostnaðaráætlun vegna stálbitabruar er 4-5 milljónir en 2,5-3 milljónir fyrir vagn. Trébrú þykir ekki vænlegur kostur.

Samþykkt er að leggja stálbitabru yfir ána og leita til Vignis Sveinssonar, Baldvins Sveinssonar og Kristjáns Steinars Kristjánssonar að vinna að brúargerð og frágangi og Magnús Björnsson og Kristján sjái um efnisöflun. Á þessu fjárhagsári verði gert ráð fyrir kaupum á efni og fært á liðinn Fossárrétt viðhald.

-Ákveðið að leita til Kristjáns Heiðmars Kristjánssonar um smíði og uppsetningu á tókubáss í Fossárrétt og því verði lokið fyrir 1. september 2021.

Magnús Guðmannsson þurfti að víkja af fundi kl. 12:15.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:47.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson